

frá 4. f. m. vil jeg hjer með veita sparisjóðnum í Höfðahverfi í Þingeyjarsýslu um 5 ár frá 1. jan. 1881 til 31. desbr. 1885 öll þau hlunnindi, sem talin eru í tilskipun 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, ekki rýrni, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðsins, er fylgdu brjefi yðar, verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi landshöfðingja í byrjun hvers árs eptirrit eptir reikningi sjóðsins um næst undangengið ár. Svo ber og að skýra landshöfðingja frá hverri breytingu, er kynni að verða gjörð á lögum sjóðsins, og frá því, er skipti verða á ábyrgðarmönnum hans.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um síldarveiði Norðmanna.* —

Hinn 16. oktbr. þ. á. hefir ráðgjafinn fyrir Ísland ritað mjer á þessa leið:

„Í brjefi því, er hjermeð fylgir eptirrit eptir, og sem sjóliðsstjórnin hefir sent hingað, hefir premierlieutenant Carl Trolle, er í sumar var deildarforingi á herskipinu Ingólfi gefið skýrslu<sup>1</sup> um síldarveiði Norðmanna á austfjörðum Íslands, og lýst nákvæmlega bæði síldarveiðarhúsunum og veiðiahöldunum, svo og veiðiaðferðinni, söltun síldarinnar o. fl.

1) Skýrsla þessi er stýluð til yfirfiringja herskipsins Ingólfs og segir svo:

„Samkvæmt yfirmælum yðar, herra skipstjóri, gefst yður hjer með þjónustusamlega eptirfylgjandi skýrsla.

Síldarveiði Norðmanna á hart nær öllum austfjörðum Íslands hefir þegar aukizt svo, að sjerhver aðgættinn maður hlýtur að reka augun í það og harma það, hvað Dani og Íslendinga skortir fram-takssemi. Sunnan megin Seyðisfjarðar sprettur svo að segja hvert fiskiverið upp við hliðina á öðru, og öll eru þau því miður norsk, að einu undanteknu; en það er þó ekki fyr en í ár, að aðsóknin hingað hefir verið svona fjörug; hinn mikli affi, sem hið elzta fiskifjelag Norðmanna fjeck í fyrra, hefir dregið hingað fleiri landa þeirra í ár. Hjer á staðnum eru nú, sem stendur, 6 norsk fiskifjelög, semsj:

Jakobsen . . . .	sem á heima í Mandal.
Lund . . . . .	— - - - -
H. Svendsen . . .	— - - - Stafangri.
Walne . . . . .	— - - - Mandal.
Köhler . . . . .	— - - - Stafangri.
D. Nagel . . . .	— - - - Haugasundi.

Hverri verstöð fylgir 1 salthús, 5—6 bátar, og eru á þeim hjer um bil 16 manns og 5 eða 6 síldar-net með veiðigandi áhöldum.

Til þess að fá einhverja hugmynd um, hversu yfirgripsmikill þessi fiskiafi Norðmanna er, hefi jeg einkum kynnt mjer hina elzta fiskiverstöð þar á staðnum, það er að segja Jakobsens verstöð frá Mandal, sem hjer var stofnuð fyrir hjer um bil 12 árum. Um þessa verstöð hljóðar eptirfylgjandi skýrsla:

Salthúsið er búið til úr borðum, og er líkt fyrirkomulag á því, eins og í Noregi, húsrúm til að salta í, herbergi til að búa um sendingar í og beykisverkstöð niðri, en uppi á loftinu er herbergi til íbúðar. Húsið er 55 álnir á lengd, og hjer um bil 15 álna breitt.

Skipastóllinn er 2 stórbátar og 4 smábátar.

Nótabáturinn er 35 feta langur, honum fylgir segl og siglutrje, og 8 árar, hann ber 100 tonn af lausri síld, á honum eru 8 menn. Bátinum fylgir smáakkeri (dreki) og vindás aptur í bátinum.

Nót abátur til vara, 30' á lengd, ber 80' af lausri síld, að öðru leyti er hann eins og nótabáturinn.

Formannsbáturinn er 14' á lengd, á honum eru 4 árar og 2 menn, fylgir honum smáakkeri (dreki), kaggar, „skimill“, vatnskíkir og lóð.

Dráttarbátur, 14' á lengd, honum fylgja 4 árar og 2 menn, smáakkeri og vindás. Hann ber 30 tonn af lausri síld.

180  
4. des.

Af skýrslu þessari sjest, að Norðmenn koma venjulega til Íslands í lok maí mána. og dvelja þar þangað til hjer um bil í miðjum nóvembermánuði, síðan fara þeir aptur

Kaggabátur, hann er 14' langur, honum fylgja 4 árar og 2 menn; útbúinn er hann með 8 köggum.

Varabátur, 14' langur, honum fylgja 4 árar og 2 menn. Næturnar eru 3 dráttarnætur (vörpur), 150, 125 120 fadma langar, 17, 14 og 14 feta á dýpt, 2 byrginætur (lagætur) 50 og 45 fadma langar og 14 og 14 fadma djúpar, svo og mikill fjöldi af háfum.

Næturnar eru net svo smáridin, að fingur kemst að eins þar í gegnum. Eptir endilöngum efri teininum (fláateininum) eru 8 þumlunga langar korkflár og er ein flá á hverri alin. Við neðri teininn, er festur steinn með kappmelli við hverja fadmslengd, hjer um bil 12 merkur (6 pd.) að þyngd, og liggja steinarnir að nokkru leyti huldur í eins konar tvöföldum poka, sem fylgir neðri teininum.

Háfurinn er pokamyndaður netriðill, saumaður utan um járnhring, hjer um bil 2 feta að þvermáli, og er háfurinn festur við endann á trjstöng.

Kaggarnir eru smáar hvítmaðar tunnur með tvöfaldri steypilykkju og auga og eru þeir þar með festir við fláateinu varpanna á hverjum 25 föðmum. Þeim er ætlað að halda vörpunni uppi; hinn mikli þungi af steininum og straumátakið, sem leggst í nótna (vörpuna), mundi annars draga korkflárnar í kaf; kaggabáturinn festir þá smásaman, eptir því sem nótin er gefin út.

Skimillinn er hvítmauð fiskmynd, búin til úr trje, hjer um bil 3 eða 4 álna löng. Í hinu framlengda höfði er fleigmyndaður járn bátur, og er svo til ætlazt, að þetta auki ferðhraða fisksmýndarinnar í vatninu. Í sporðinn á fisksmýndinni er fest ferri, og á því er skimlinum keipað eins og öngli til að hraða (stygga) sildina inn í nótna, þegar sildartorfan er farin fram hjá.

Vatnskíkirinn er pípa úr járnþjátri í lögun eins og láður með viðtökugleri úr almennu gluggagleri 1' að þvermáli; hann mjókkar til annars endans, svo að hann er ekki meir en 1/2' að þvermáli. Kíkirinn er 2 1/2 alin á lengd, og á miðjunni á honum eru 2 handarhöld. Formaðurinn neytir kíkis þessa, þegar hvasst er, til að líta eptir og leita uppi sildartorfunar, sem deila má á hjer um bil 10 fadma djúpi. Kíkirinum er haldið höllum fram á við þannig að vatni yfir viðtökuglerið.

Sakkan er dálftill blykleppur, kúlumyndaður, 4 pund að þyngd og er dregið í hana örmjótt ferri, 20 fadma langt. Formaðurinn neytir hennar til þess að leita fyrir sjer að sildartorfunni, og til þess að geta dæmt um stefnu hennar, ferðhraða og stærð. Sókkunni skal halda 1 eða 2 fadma frá botni. Það er aðdánleg handlægni, sem formaðurinn hefir, þegar hann þarf að neyta sókkunnar. Hann getur nálega ákveðið, hversu stór torfan er, með því að leita fyrir sjer með henni.

Þegar jeg hefi nú lýst veiðarferunum, vil jeg leyfa mjer að skýra í fám orðum frá veiði- aðferðinni.

Formaðurinn („basinn“) er aðalmaðurinn, hann sjer um veiðina, söltunina og flutninginn á sildinni. Hann fer með annan mann á bát sínum, formannsbatnum, í broddi fylkingar, er leggur út fjörðinn hjer um bil um kl. 7 á kvöldin, lítið eitt út fyrir Dvergasteinskirku, því þar er vant að veidast vel. Næst á eptir honum kemur nótabáturinn, og liggur varpnótin greidd miðskipa í honum, þá kemur dráttarbáturinn og kaggabáturinn, það eru þá alls 4 bátar. Þessi smáfloti þræðir með norðurströnd fjarðarins, af því að sunnan megin er mjög grýtt, og mundi það grjót skemma næturnar, bátarnir eru hjer um bil 200 fadma (2 kaðallengdir) frá landi með tillit til lengdarinnar á nótni. Þegar komið er út á þenna stað, án þess sildartorfa hafi híz, leggst nótabáturinn alsendis upp við land, dráttarbáturinn og kaggabáturinn festa sig aptan í hann; menn hafa augastað á öllum hreifingum formannsbatnsins. Formaðurinn leggst nokkur hundruð fadma (nokkrar kaðallengdir) fyrir utan hina bátana, og lætur sig reida fyrir vindi, svo að hann kemst í hlje af hinum bátunum, en hefir þó jafnt og þjett eptirlit á sildartorfunum. Þær fara ekki dýpra en 2 fadma, úr því klukkan er orðin 7—8 á kvöldin, en koma upp undir hafflötinn um miðnættið, og um það leyti gefur opt að líta blikandi sildartorfur í haffletinum; á daginn og einkum um miðdegisbilið eru sildartorfunar optast kyrrar á mararbotni. Með því meiri hraða sem sildin fer, því minni er torfan. Ferðhraði hennar er frá 0,5 til 10 mílna á skipsvöku, mjög stórar sildartorfur geta jafnvel næstum haldið kyrru fyrir. Þegar formaðurinn er orðinn leikinn í því, sjer hann langar leiðir burtu, ef sildin vakir á yfirborði sjávarins. Þar að auki gefa máfarnir og hnýsurnar honum ágæta leiðbeingu til að finna sildartorfunar. Með nýju tungli og fullu, sem og eptir álandsvind aflast bezt.

til Noregs með afla þann, er þeir hafa fengið, en skilja eptir báta sína og veiðiáhöld í **180** húsum sínum á Íslandi. **4. des.**

Á sumarmánudunum er sildarveiðin aptur á móti ekki eins góð, því að þá er svo mikil fæða fyrir sildina í sjónum, að hún seekir sjer sjaldnar skorkvikindi og krabbakennd dýr á yfirborð sjávarins; það er mál manna, að hún jeti sig sadda til 8 daga, af því að venjulega fá menn um þetta leyti að eins einu sinni á 8 sólarhringum góða veiði; í vikunni sem leið 200 tonn. Bezt þykir að byrja að draga á fyrir miðnætti, af því að sildin er til með að kafa undir nótna, ef síðar er dregið á.

Ef formaðurinn verður á einhverju hátt var við sildartorfu, gefur hann hinum bátunum merki, og gefur þeim að skilja, í hverja átt varpa skuli nóttinni. Dráttarbáturinn tekur við yfirvarpinu á varpnótinni af nótabátunum, og nær með það beint að landi og festir akkeri sitt í landi, setur yfirvarpið um vindásinn og dregur að sjer nótna. Nótabáturinn nær út þvert fyrir framan sildartorfuna, heldur svo á ská inn eptir, þegar hann er kominn fyrir sildartorfuna og dregur á þennan hátt nótna í sveig kring um torfuna. Þegar svo er búið að gefa út nótna, svo að ekki eru eptir meir en 20 faðmar til endans, er haldið beint að landi, varpað akkeri, nótnin sett um vindás og hún dregin að sjer, eins og hinu megin. Kaggabáturinn kemur þegar á eptir nótabátunum og festir kaggana á teininn ávallt með 25 faðma millibili; ef straubhart er, festir hann tvö smáakkeri við yztu kaggana í bugðunni. Nú er nótnin komin öll í sjóinn og stendur eins og lóðbeinn veggur allt í kringum sildartorfuna. Ef dýpið er minna en 17 faðmar, nær nótnin til botns. Yfirvörpin eru sett um vindásinn, og er svo nótnin dregin að sjer, og með því móti lokast smámsaman opurnar beggja megin. Formannsbáturinn leggst við innri opnuna, næst dráttarbátunum og stöðvar sildartorfuna með skimlinum, aptur á móti leggst kaggabáturinn, þegar hann hefir af lokið starfi sínu, fyrir ytri opnuna hjá nótabátunum og fer eins að. Þegar varpnótin er komin fast að landi beggja vegna (á báðum endum), er báðum dráttarköðlunum vandlega fest, og á þennan hátt er sildin innilokuð.

Í sumarmánudunum verður sildin að geymast þannig í 3 sólarhringa, svo að hún geti losað sig við „röðkamp“ eða „ol“, sem er eins konar gota eða ormur í maga hennar, og myndi hann koma því til leiðar, að sildin rotnaði, ef hún væri söltuð með honum. Til þess að geta notað varpnótina aptur, er sildartorfan enn fremur innibýrgð með byrginótinni, sem er 50 faðma löng. við þetta er að öllu leyti lík aðferð; en þegar byrginótin er sett út, er varpnótin tekin inn. Þegar nú loksins þessir 3 sólarhringar eru liðnir, er byrginótin tömd, þannig, að sildin er tekin úr henni með háfunum.

Ef sildartorfurnar eru mjög stórar, kallar formaðurinn til sín báta fiskifjelags þess, sem næst honum er, og fara þeir þá sinn hvoru megin við sildartorfuna, mætast svo á miðri leið, leggja noeturar hvora fram hjá annari á misvíxl og skeyta þær síðan saman. Veiðinni er þá skipt í helminga. Eptir Mikaelismessu, 29. september, er sildin tekin samstundis úr netinu, þegar búið er að leggja það, því eptir það hefir hún engan yrmling í sjer, og þá fer fyrst að veiðast vel.

Niðursöltunin. Sildin er söltuð á daginn í salthúsinu (frá kl. 9—12 og 2—5), og gjöra það hinir sömu menn, sem afla sildarinnar á næturnar (venjulega frá kl. 7 e. m. til kl. 2 f. m.) Sildin er lögð í lög og er saltlagið ofan á hverju sildarlagi hálfur þumlungur á þykkt af grófmuldu „Trapanasalti“, í hverju sildartunnu fer tunnufjórðungur af salti. Í ár eru fyrir hendi hjer um bil 900 tonn af salti og hjer um bil 2000 tómar tonn, en 4 menn af skipshöfninni, sem eru laggarar, eru látnir búa til margar tonn á daginn, og getur hver þeirra um sig lokið við 4 tonn á dag. Mikil gnægð af tunnustöfum og gjörðum er til.

Flutningaskipin seekja sildina og flytja hana, og koma þau þrisvar og fjórum sinnum, meðan veiðitíminn stendur yfir; þau koma með salt, matvæli og tunnustafi. Eitt af veiðifjelögnum (Köhlersfjelagið) hefir í ár lítið gufuskip til flutninga, „Vigilant“ að nafni, sem ber hjer um bil 1200 tonn af sild, en annars eru seglskip höfð til flutninga.

Jakobsens veiðifjelag kemur til Austfjarða í maímánaðarlok og fer heim aptur til Noregs um miðjan nóvembermán. Þetta veiðifjelag hefir 2 gömul skip til flutninga, jakt-galeas, sem ber hjer um bil 50 smálestir, og slúppskip, sem ber hjer um bil 40 smálestir; þessi skip bæði 2 liggja reidalaus á firðinum á sumrin. Róðrabáta sína 6 skilja þeir hjer eptir, er þeir fara heimleiðis, og eru þeir settir upp á land í trjebyrgi.

180

4. des.

Að þessu atriði hefir ráðgjafanum einkum virðst ástæða til að leiða athygli yðar, herra landshöfðingi. Eins og kunnugt er, ákveða hin íslenzku lög (sbr. einkum tilsk. 13. júní 1787 I kap. 1. og 2. gr.), að það skuli vera skilyrði fyrir því að mega stunda fiskiveiðar í landhelgi, að hlutadeigandi sje þegn hins danska ríkis. Þegar utanríkismenn vilja stunda slíkar fiskiveiðar, er það því nauðsynlegt skilyrði fyrir heimild þeirra til þessa, að þeir taki sjer fastan bústað í landinu, sbr. 6. gr. II kap. og 1. og 11. gr. þriðja kap. nefndrar tilskipunar, svo og brjef dómsmálastjórnarinnar frá 21. nóvbr. 1864. En það verður ekki sjöð, að ofan nefndri dvöl Norðmanna á Íslandi sje þannig varið, að nefndu skilyrði sje með henni fullnøgt, því maður getur ekki sagt að neitt af þeim atriðum, sem einkenna lögheimili (svo sem stöðug dvöl, að hlutadeigandi haldi hús, hafi sezt að með fjölskyldu sína o. s. frv.) sje hjer fyrir hendi, en dvöl Norðmanna á Íslandi verður einungis skoðuð sem stundardvöl, meðan þeir eptir sem áður í raun og veru halda lögheimili sínu í Noregi.

Það virðist því vera ástæða til að rannsaka nákvæmar hið áminnsta ásigkomulag, svo að síðan megi setja nauðsynlegar varúðarreglur gegu því, að farið verði í kringum hinar gildandi ákvarðanir um skilyrðin fyrir rjetti utanríkismauna til að stunda fiskiveiðar við Ísland, eins og samkvæmt áðursögðu virðist að hafa átt sjer stað; og þar eð sjá má, að Norðmenn ætli að stofna hlutafjelag til að stunda sildarveiðar frá Íslandi, virðist einnig vera ástæða til að fá vissu fyrir, að þessu fyrirtæki verði þannig varið, að það eigi komi í bága við ofanumgetnar ákvarðanir.

Eptir því sem komið hefir fram, verður heldur eigi sjöð, að Norðmenn hafi til þessa greitt nokkurt gjald af sildarveiði þeirra á Austfjörðum. Skyldi þessu vera þannig varið, er með því brotið á móti tilskipun frá 12. febr. 1872 um spitalagjald. En þar eð það nú hefir sýnt sig, að umgetinn atvinnuvegur er svo framúrskarandi arðberandi, virðist þar að auki vera fullkomin ástæða til að hækka gjaldið af sildarveiðinni að miklum mun; jafnframt gæti ef til vill verið tilefni til að breyta fleirum ákvörðunum í nefndri tilskipun, er lúta að upphæð gjaldsins, og þá einkum að hækka gjaldið af lýsi, er verður að álitast allt of lágt, nema ef það yrði álitid rjettara að afnema að öllu leyti hið umrædda sjerstaklega gjald, en þar á móti leggja skatt á fiskiveiðar á sama hátt og aðra atvinnuvegi landsins samkvæmt reglunum í lögum um tekjuskatt frá 14. desbr. 1877.

Að lyktum skal jeg leyfa mjer að setja hjer yfirlit yfir það fje, sem slík sildarveidastofnun kostar, sem og yfir hin áfallandi gjöld:

Salthúsið er metið á . . . . .	1400 kr.
2 nótabátar á um 400 kr. . . . .	800 —
4 litlir bátar á 55 kr. . . . .	220 —
Jaktgaleasen og slúppskipið alls . . . . .	8000 —
3 varpnætur og 2 byrginætur . . . . .	6000 —
2000 tómar sildartunnur á 2 kr. . . . .	4000 —
900 tonnur af salti á 3 kr. . . . .	2700 —
	23120 kr.

Landshlutar (gjald til þess, sem þar á land, er sildin er dregin á), reiknast 4 pC. Kaup skipverja: Formaðurinn hefir 56 kr. um mánuðinn og 14 aura af hverri sildartunnu. Hinir veiðimennirnir fá 28 kr. um mánuðinn og 7 aura af hverri sildartunnu, sem og fæði og alla aðhlyningu.

Árið sem leið öfluðu Jakobsens og Lunds veiðifjelög bæði til samans 8000 tonnur af sild hjer á Seyðsfirði, og var hver tunna þar af seld að meðaltali fyrir 30 kr. Þegar þess er nú gætt, að 28 menn á 10—12 bátum fengu þenna afla á 6 mánuðum, og hins vegar er litið á þann litla höfuðstól, sem varið er til þessa, sýnist allt lúta að því, að slíkt fyrirtæki ætti að knýja aðra til eptirbreytni.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að taka umgetin atriði með því, sem stendur í sambandi við þau til ihugunar og að láta ráðgjafanum í tje þóknanleg ummæli yðar um málið, svo og ef til vill frumvarp til þeirra nýju lagaákvæðana, er ástæða gæti verið til að leggja fyrir alþingi til þess að koma skipulagi á þetta málefni».

180  
4. des.

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður að brýna fyrir lögreglustjórum í þeim hjeruðum umdæmis yðar, þar sem Norðmenn stunda umgetna síldarveiði að fara nákvæmlega eptir fyrirmælum mínum í brjefum frá 3. maí og 7. júní þ. á. (Stjórnartíð. B. 82 og 95) um skyldur utanríkismanna, er vilja stunda fiskiveiðar hjer við land í landhelgi, til að gjörast þegnar hins danska ríkis og útvega sjer lögheimili hjer á landi í raun og veru, svo og eptir því sem segir í brjefi mínu frá 26. júlí þ. á. (Stjtið. B. 115) um spítalagjald af nefndri síldarveiði. Einnig vil jeg biðja yður að útvega og senda hingað sem fyrst nákvæma skýrslu um, hvort og hvernig Norðmenn þeir, er á yfirstandandi ári hafa stundað síldarveiðar á fjörðum landsins hafa fullnægt nefndum fyrirmælum.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um aldursleyfi við Möðruvallaskólann.* — Út af brjefi stiptsyfirvaldanna frá 3. f. m. fellst jeg hjer með á, að stiptsyfirvöldin, þegar sjerstakar ástæður mæla fram með því, samþykki undanþágur frá fyrirmælum 3. greinar C. reglugjörðar fyrir gagnfræðaskólann á Möðruvöllum frá 12. júní þ. á. um aldurstakmörk fyrir inntöku í skóla þennan.

181  
6. des.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um lán til að byggja barnaskóla.* — Í þóknanlegu brjefi frá 15. f. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar farið þess ú leit, að bæjarstjórninni verði veitt 20—25000 kr. lán af viðlagasjóði með 6% árlegri afborgun og leigu til þess næsta ár að byggja barnaskólahús.

182  
7. des.

Sökum þessa vil jeg samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, 19. gr., um bæjarstjórn í Reykjavík hjer með veita samþykki mitt til að taka nefnt lán, og bæti jeg því við, að lánið mun fást útborgað úr viðlagasjóði næsta sumar, svo framarlega sem þá verða nóg peningarád til þess fyrir höndum.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um þóknun handa þjóðjardarlandseta.* — Í brjefi frá 9. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður lagt það til, að ábúanda Kirkjubæjarklausturs jardarinnar Breiðabólstaðar Kristófer Þorvarðssyni verði veitt uppgjöf á hálfri landskuld sinni um 1 ár sem þóknun fyrir þá endurbót, er hann hefir gjört á býli sínu með því að fletja bæinn úr votlendri lægd upp á hæzta túnið, og getið þjer þess, að þessi þóknun muni eptir nógildandi verðlagsskrá nema 14 kr. 65 a.

183  
10. des.

Samkvæmt því, sem þjer þannig hafið tekið fram, fellst jeg eptir atvikum á, að beiðandinn fái uppgjöf þá, er hann hefir sótt um.